

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**  
Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

249. tbl - 6. árg.

12. apríl 2006



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR  
- bakhtar í byggð

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Nýr björgunarsveitarbíl

Björgunarsveitin Sæbjörg í Ólafsvík hefur fest kaup á nýjum björgunarsveitarbíl, bíllinn mun leysa af hólmi Ford Econoline bifreið sem sveitin seldi á dögunum, sá bíll hafði þá þjónað sveitinni frá árinu 1983.

Nýi bíllinn er af gerðinni Ford Excursion og er árgerð 2006, þetta er átta manna bíll en ef í honum eru sjúkrabörur þá er samt sem áður sæti fyrir 5 menn. Bíllinn er innfluttur af IB bílum á Selfossi og mun verðið á bílnum vera 3,8 milljónir eftir að sveitin fékk niðurfellingu á aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti, bíllinn fer í breytingar í sumar og er gert



ráð fyrir að þær breytingar muni kosta u.þ.b. 3 milljónir eftir að virðisaukaskattur hefur verið endurgreiddur af þeim. Samtals er Sæbjörg því að greiða 6,8 milljónir fyrir

bíllinn en bíll af þessari gerð kostar 6 milljónir út úr umboðinu, óbreyttur.

Eins og áður segir þá mun bíllinn fara í breytingar í sumar og verður hann þá m.a. hækkður upp og settir á

hann kantar svo að hægt verði að koma undir hann 46“ dekkjum, settur verður skriðgír í bílinn sem og annar búnaður sem nauðsynlegur er í bíla sem eiga að geta farið allt í snjó og á Jökulum. Í bílnum er V8 díselvél sem skilar 325 hestöflum og ekki veitir af þar sem að þetta er stór og þungur bíll.

Á næstunni mun björgunarsveitin fara í að afla fjár í þetta verkefni og er vonandi að félagsamtök, fyrirtæki og einstaklingar taki vel í það svo að Snæfellsbæingar geti haft traustann bíl til taks ef eitthvað ber út af.

## Sundmót Lions

í sundlauginni í Ólafsvík  
á sumardaginn fyrsta kl. 18

Opið öllum börnum og unglingum  
í Snæfellsbæ

Íris Ósk s. 897 0079 og Fadel s. 865 8647  
taka við skráningum á mótið

## Hús rísa



Framkvæmdir eru hafnar við að reisa hús á grunnum þeim sem verktakafyrirtæki byggði á síðasta ári. Í síðustu viku var byrjað að reisa fyrsta húsið og nú er verið að leggja lokahönd á að setja þakið á. Í húsinu

eru tvær íbúðir og þegar lokið hefur verið við þetta verður haldið áfram að reisa á þeim grunnum sem eru á Hellissandi og Rifi og væntanlega einnig í Ólafsvík

**Þín verslun**

Nýtt kjöttíloð hefir á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgdir endast.

Fjöldi annara tíloða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgdir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Nesbarnanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
e-mail: kassinn@thjarsvonska.is

Ólafsvíkirkirkja

## Helgihald um bænadaga og páska

13. apríl. Skírdagur. Grundarfjarðarkirkja kl. 20.00.  
Sameiginleg messa Setbergs-, Stykkishólms- og Ólafsvíkursókna.

14. apríl. Föstudagurinn langi. Ólafsvíkirkirkja kl. 20.00.  
Kvöldvaka við krossinn.

16. apríl. Páskadagur. Ólafsvíkirkirkja kl. 8.00.  
Hátíðarguðshjónusta. Morgunkaffi í Safnaðarheimilinu  
að guðshjónustu lokinni.

### Gleðilega páskahátíð

Munið óvissuferð Sunnudagaskólans  
á sumardaginn fyrsta



Sóknarprestur

# Óvissuferð sunnudaga- skólans

Óvissuferð sunnudaga-  
skólans verður farin á sum-  
ardaginn fyrsta, fimmtudag-  
inn 20. apríl nk. Farið verð-  
ur í rútu frá Ólafsvíkirkirkju  
kl. 10.00 árdegis og áætluð  
heimkoma er kl. 16.00. Ferðin er ætluð sunnudaga-  
skólabörnum og foreldrum  
þeirra sem og börnum og  
foreldrum sem hafa haldið  
uppi foreldramorgn-  
um/mömmumorgnum. M.a.

er boðið upp á sund og  
pizzuhlaðborð í ferðinni.  
Einungis þarf að greiða fyrir  
sundið en gjaldið er kr. 200  
f/fullorðna og kr. 100  
f/börn.

Vinsamlegast tilkynnið  
þátttöku til sóknarprests í  
síma 4361107 / 8672278  
eða á netfangið smagn-  
us@simnet.is fyrir kl. 20.00  
þriðjudaginn 18. apríl.

**KÆLIVER EHF**  
Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906  
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310  
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf.  
og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ.  
Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík

355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



**Fiskiðjan Bylgja hf**

Sími: 436 1291 · Nef. bylgja@bylgja.is

# Styrkur frá Menningarsjóði VÍS



Fv Ásgeir Baldurs framkvæmdastjóri VÍS, söngkonan Veronica Osterhammer og Pétur Steinar Jóhannsson starfmaður VÍS í Ólafsvík.

Að tilefni opunar KB  
banka og einnig því að Vá-  
tryggingafélag Íslands flutti  
nýlega í nýtt húsnæði í Snæ-  
fellsbæ færði Ásgeir Baldurs  
framkvæmdastóri VÍS Veron-  
icu Osterhammer messos-  
ópransöngkonu styrk frá  
Menningarsjóði Vátrygginga-  
félags Íslands sem viður-  
kenningu fyrir frábært starf í  
menningarlífi Snæfellsbæjar  
sl. ár.

## SMÁAUGLÝSING

### Til sölu

Til sölu snjósleði og hillusamstæða  
upplýsingar í síma 436-1535 og 848-1505

## Barnabarna Enskuhelgi

Enskuhelgi fyrir ömmur og afa með barnabörn þeirra (það má líka fá  
börn eða ömmur lánaðar frá fólkinu sem ykkur þykir vænt um ☺)

Börn (4-7 ára) sem tala ekki ensku og ömmur og afar sem voru alltaf  
hrædd við að prófa að tjá sig á ensku eru velkomnir að taka fyrsta  
skrefið í enskurni saman, skemmta sér, fara í leiki og syngja, fánhra  
og spjalla.

Njóttum góðra stunda saman og bindum okkar eina helgi til að gera  
eittvað spennandi með fjölskyldunni okkar og verum með í þessu  
námskeiði sem verður

laugardaginn, 06. maí frá 14:00 til 16:00  
og sunnudaginn, 07. maí frá 14:00 til 16:00  
í Grunnskólanum í Ólafsvík  
Verð: 2.500 á þingi (1 fullorðinn með 1 barn)  
(Sameið verð og á páskaeggi nr. 7 ☺)

Skráning og upplýsingar í síma: 862 2998 Barbara

"Síðasti skráningardagur 29. apríl 2006"  
(námskeiðið felur niður ef skilað fast næg þátttaka)

Hiðakka til að heyra frá ykkur sem fyrst  
Barbara Fleckinger, enskukennari



# Gjöfin vex í pakkanum

5.000 kr. verða 7.000 kr.

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjóf sem stækkar í pakkanum!

## Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á [spar.is](http://spar.is) og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.



SPARISJÓÐUR  
ÓLAFSVÍKUR



**Haraldur Guðmundsson,**  
skipstjóri og útgerðarmaður frá Ólafsvík  
verður 80 ára þann 28. apríl n.k.

Af því tilefni tekur hann á móti gestum á afmælisdaginn frá kl. 18:00 til 21:00 í Akogessalnum, Sóltúni 3 í Reykjavík.

Afmælisgjafir eru vinsamlegast afþakkaðar en tekið verður á móti framlögum sem verða svo færð björgunarsveitinni Sæbjörgu í Ólafsvík.


## Getraunaleikur Víkings

Sá stóratburður gerðist að Bylgjan sigraði 9-0. Enda ekki skrytið þar sem að tippararnir á Fiskmarkaðnum mættu ekki til leiks. En þeir fengu tækifæri til að skora á annað fyrirtæki. Þeir sem mæta Bylgjunni í þess-

ari viku eru reikni snillingarnir hjá Deloitte.

Opunar tímin er sá sami laugardaga 11.00 til 13.00. Á Hótel Ólafsvík

Stjáni Tótu.  
Áfram Víkingur



**Sýnd í Klifi**  
**sumardaginn fyrsta (20. apríl)**  
**Kl. 16:00**

**Frítt inn í boði Snæfellsbæjar**

**Næsta tölublað Jökuls kemur út**

**miðvikudaginn 19. apríl**

**Efni og auglýsingar þurfa að hafa borist fyrir**

**kl. 9 að morgni þriðjudags 18. apríl**



**STEINPRENT**

Sandholt 22, Ólafsvík  
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

## KB banki í Snæfellsbæ



Starfsfólk KB Banka talið frá vinstri. Olga S. Einarssdóttir, Olga S. Adalsteinsd. Þjónustufulltrúar, Þorvarður M. Sigurðsson afgreiðslustjóri, Kjartan Páll Einarsson útibússtjóri, Þóra Helgadóttir hagfræðingur, Friðrik V. Halldórsson forst.madur viðskiptabankasvið KB Banka og Ingólfur Harðarson KB ráðgjöf.

Sl. fimmtudag opnaði KB banki þjónustu og ráðgjafarskrifstofu í Snæfellsbæ og er hún til húsa að Ólafsbraut 34 í Ólafsvík en í þessu húsnæði er Vátryggingafélag Íslands með starfsemi sína. Eins og flestum er kunnugt er mikið og gott samstarf á milli KB banka og VÍS á sviði bankastarfsemi og trygginga með Vexti sem hentar bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Að sögn starfsmanna KB banka hefur mikil aukning orðið í viðskiptum íbúa Snæfellsbæjar við bankann og því hefur var ákveðið að opna þessa skrifstofu en KB banki starfar bæði í Stykkishólmi og Grundarfirði. Af þessu tilefni bauð KB banki og Vátryggingafélag Íslands til móttöku á Hótel Ólafsvík

þennan sama dag þar sem fjöldi fólks mætti. Jón Gunnlaugsson umdæmisstjóri VÍS á Vesturlandi flutti ávarp og bauð fólk velkomið og Ásgeir Baldurs framkvæmdastjóri VÍS sagði frá starfsemi félagsins. Friðrik S. Halldórsson framkvæmdastjóri viðskiptasviðs KB banka kynnti bankann fyrir fundarmönnum og Þóra Helgadóttir hagfræðingur á Greiningardeild bankans ræddi um stöðu efnahagsmála og þróun. Á milli söng Verónica Osterhammer messosópransöngkona nokkur lög við góðar undirtektir viðstaddra og Elena Makeeva lék undir. Eftir að dagskrá lauk tóku menn upp léttara hjal og nutu góðra veitinga sem boðið var uppá.



**FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu

Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness

**fasteignsnae.is**

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.

löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

INGJALDSHÓLSKIRKJA

## HELGIHALD UM PÁSKA.

**Skírdagur 13. apríl:**

Messa og ferming kl. 14:00.

**Föstudagurinn langi 14. apríl:**

Krossljósastund kl. 18:00.

**Páskadagur 16. apríl:**

Guðsþjónusta kl. 10:00.

Morgunkaffi í boði safnaðarins eftir guðsþjónustu.

*Konur eru hvattar til að mæta í þjóðbúningum til kirkju á páskadagsmorgunn.*

Komum saman í kirkjunni til  
fyrirbænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur



Ólafsvíkurkirkja

### *Aðalsafnaðarfundur*

Aðalsafnaðarfundur Ólafsvíkursóknar  
verður haldinn miðvikudaginn 19. apríl nk.  
kl. 20.00 í Safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Sóknarnefndin





**SNÆFELLSBÆR**  
*Þar sem jökullinn ber við loft...*

Til íbúa Snæfellsbæjar!

Af gefnu tilefni vill Tæknideild Snæfellsbæjar benda gámaeigendum í bæjarfélaginu á eftirfarandi:

**Ef stöðuleyfi gámsins er fallið úr gildi eða ef ekkert stöðuleyfi er fyrir hendi, þá þarf að sækja um og/eða endurnýja leyfi fyrir gámana.**

Það er skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsbæjar sem gefur út stöðuleyfi fyrir gáma. Skv. 75.2 grein byggingarreglugerðar þá skulu gámar ekki standa fyrir utan skipulögð gámasvæði. Hér í Snæfellsbæ er skipulagt gámasvæði á gámastöðinni Snæfríði.

Einnig viljum við vekja athygli á því að númeralausar bifreiðar á opnum svæðum og almennum bílastæðum eru mikil óprýði í bæjarfélaginu. Viljum við minna eigendur slíkra faratækja á að fjarlægja þau hið fyrsta.

Tæknideild Snæfellsbæjar

## Árshátíð 8.-10. bekkjar

Árshátíð nemenda 8.-10. bekkjar Grunnskóla Snæfellsbæjar var haldin í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík fimmtudaginn 30. mars. Rúmlega 70 nemendur frá deildum skólans í Ólafsvík og á Lýshóli mættu í sínu finasta þússi, borðuðu saman góðan mat, horfðu á skemmtatriði og dönsuðu til miðnætis. Mjög var vandað til undirbúnings árshátíðarinnar. Starfsfólk dekkjaði borð, annaðist matseld og þjónaði til borðs, en nemendur sáu m.a. um skreytingar og skemmtidagskrá. Við komu á árshátíð var nemendum afhentur happdrættismiði og allir voru ljósmyndaðir. Að því loknu var vísað til sætis. Eftir að formaður nemendaráðs hafði boðið alla velkomna tók við dagskrá sem samanstóð af myndasýningu, söng, leikþáttum, dansatriðum, happdrætti og bráðskemmtilegum annál 10. bekkjar. Að borðhaldi og skemmtatriðum

loknum gáfu 10. bekkjar kennurum sínum rósir og fengu síðan alla með sér í fugladansinn. Þar með hófst diskótekið sem DJ Geir Flóvent stjórnaði af sinni alkunnu snilld. Það er samdóma álit starfsfólks skólans að unglingarirnir hafi verið til fyrirmyndar í alla staði og óskar þeim til hamingju með frábærlega vel heppnaða árshátíð þar sem allir skemmtu sér konunglega. Starfsfólk og nemendur vilja koma á framfæri þökkum til verslunarinnar Virkisins í Rifi sem veitti verulegan afslátt af matvöru, Apóteks Ólafsvíkur sem gaf öllum gestum ilmvatnsprufur og happdrættisvinninga, Hörpu Finnsdóttur sem aðstoðaði nemendur 10. bekkjar við undirbúning og æfingar dansatriðis og Halldórs Sigurjónssonar sem sá um ljós og hljóð. Sérstakar þakkir fær Fúsi matráður GS fyrir faglega ráðgjöf og aðstoð við matseld.

## „Hreinn óparfi“



Sú fisktegund sem unnin er í mestu magni hjá Fiskiögunni Bylgju í Ólafsvík er langlúra. Englendingar nefna þennan fisk Witch, Bandríkjamenn Gray sole en Niðurlendingar kenna hann við hundstungu og nefnist hann Hondstong á flæmsku. Langlúran er hausuð og roðrifin fyrir handflökun. Í Bylgju er hún flökuð þannig að hvort flak er skorið í tvennu lagi þannig að segja má að fjögur flök komi af hverjum fiski. Flökunum er síðan ýmist rúllað upp með og án laxabita í miðjunni, bögglað eða þau fryst ein og sér en 10-12 vörutegundir eru framleiddar hjá Bylgju úr þessum flökum. Á árinu 2005 tók Bylgja á móti tæpum 370 tonnum af langlúru sem var riflega þriðjungur allrar landaðrar langlúru á því ári. Einungis 48 af þessum 370 tonnum var landað

hér við Breiðafjörð en afgangurinn var keyptur frá Höfn, Vestmannaeyjum og suðurnesjum. Langlúran er þéttholda og því hefur verið hægt að frysta hana ýmist heila eða roðrifna í birgðir til vinnslu á þeim tímum árs þegar lítinn fisk er að hafa á markaði.

Á myndinni má sjá tvær kunnar atorkukonur hamast við að heilfrysta langlúru. Við þær mun seint loða jafn leitt viðurnefni og hann Hrein sem var á sínum tíma vélstjóri á einhverjum austfjarðabátum og var aldrei kallaður annað en Hreinn óparfi. Um hann er ekki annað vitað en að hafi flúið í land og farið að vinna hjá ríkinu.

Langlúru söfnum i sarp sem gott er að grípa í síðar. Hér hömumst ólíkt þeim garp en Hrein óparfa finna má víðar.






# Öldungamót í blaki 2006

**verður haldið daganna 28. apríl til 1. maí  
í Snæfellsbæ**

**af því tilefni viljum við hvetja íbúa og fyrirtæki  
í Snæfellsbæ að hreinsa vel í kringum hús sín.**

**Snæfellsbær mun á næstu dögum fara í hreinsunar átak  
til að bærinn líti sem best út þegar við  
tökum á móti gestum okkar.**

**Tæknideild Snæfellsbæjar**



# Snæfellsbær

....sumarvinna....

## Starfsfólk Pakkhússins

\*\*\*\*\*

Óskað er eftir að ráða starfsmenn í Pakkhúsið. Unnið er eftir vaktaplani bæði á virkum dögum og um helgar. Laun greiðast skv. kjarasamningi SDS og launanefndar sveitarfélaga.

Æskilegt er að umsækjendur hafi gott vald á enskri tungu auk norðurlandamáls. Einnig er æskilegt að umsækjendur hafi áhuga og þekkingu á sögu og umhverfi Snæfellsbæjar. Þeir aðilar sem hafa reynslu af störfum innan ferðaþjónustugeirans ganga fyrir.

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf eftir miðjan maí.

Allar nánari upplýsingar gefur bæjarritari í síma 433-6900

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást á bæjarskrifstofunni eða á heimasíðu Snæfellsbæjar [www.snb.is](http://www.snb.is)

Umsóknarfrestur er til 21. apríl n.k.

Safnvörður í Snæfellsbæ